

## SAMÞYKKT fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.

1. gr.

*Heiti félags.*

Félagið heitir Veiðifélag Miðfirðinga, skammstafað V.F.M.

2. gr.

*Lögheimili.*

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

*Félagssvæði.*

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna:

Félagssvæðið nær til allra jarða, sem lönd eiga að Miðfjarðará, Vesturá, Núpsá og Austurá ásamt afréttarlandinu Húksheiði og afréttarlandinu Aðalbólshaiði en þær eru:

Litli Ós, Stóri Ós, Syðsti Ós, Saurar, Ytri Reykir, Syðri Reykir, Efri Torfustaðir, Neðri Torfustaðir, Urriðaaá syðri, Urriðaaá ytri, Ytra Bjarg, Bjarg, Bjargshóll, Uppsali, Litli Bakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Aðalból, Aðalbreið, afréttarlandið Aðalbólshaiði, Bjargarstaðir, Hnausakot, Núpsdalstunga, Efri Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri Núpur, Neðri Núpur ytri, Torfastaðir, Haugur, Litli Hvammur, Litla Tunga, Grundarás, Giljaland, Skeggja-staðir, Dalgeirsstaðir, Lækjabær, afréttarlandið Húksheiði, Húkur, Kollafoss, Fosshóll, Huppahlíð, Huppahlíð I, Huppahlíð II, Hlíðarfoss, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki I, Staðarbakki II, Melstaður, Barð og Sandar.

Heimilt er að félagið starfi í deildum. Verði deild eða deildir stofnaðar, skal hver deild taka yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns, sbr. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsvaiði. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi samkvæmt sömu lagagrein.

4. gr.

*Tilgangur félags og verkefni.*

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

*Stjórn veiðifélags.*

Stjórn félagsins skipa formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á víxl, þannig að formaður gengur úr stjórn eftir þrjú ár, tveir meðstjórnendur eftir eitt ár og hinir eftir tvö ár og helst svo sama röð áfram. Kjósa skal þrjá varamenn til þriggja ára í senn og skulu þeir ganga úr stjórn til skiptis, einn árlega.

Kjörgengir í stjórn eru allir sem aðild eiga að veiðifélagi. Einnig má kjósa fulltrúa í stjórn, sem starfar þá í stjórninni og á fundum veiðifélagsins samkvæmt sérstöku skriflegu umboði félagsmanns. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn varaskoðunarmann ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum.

#### 6. gr.

##### *Verksvið og hæfi stjórnar.*

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

#### 7. gr.

##### *Boðun og framkvæmd félagsfunda.*

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundum ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

#### 8. gr.

##### *Aðalfundur.*

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Til aðalfundar skal boða með þeim hætti sem greinir í 6. gr. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

9. gr.

*Reikningsár.*

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

10. gr.

*Arður.*

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

*Breyting á samþykktum þessum.*

Samþykktum þessum má breyta á félagsfundi, sem boðaður er skv. 6. gr., ef 2/3 allra atkvæðisbærra félagsmanna samþykkja tillögu til breytinga. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og ræður þar afl atkvæða.

12. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Fiskistofu, 26. nóvember 2008.*

**Árni Ísaksson,**

forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2008